

Reykjavík 18.9.2020

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna uppbyggingar í Skerjafirði (US200238)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 1. júlí 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Í gögnum um uppbyggingu í Skerjafirði kemur fram að draga eigi úr byggingarheimildum atvinnusvæðis í Skerjafirði. Nú þegar er þetta svæði ekki mikið atvinnusvæði. Spurt er þess vegna hvað átt sé við hér, hvernig atvinnusvæði er verið að vísa til?

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa þann 12. ágúst sl.

Umsögn:

Landnotkun Nýja Skerjafjarðar á Þróunarreit nr. 5 er skilgreind sem samspil íbúðarbyggðar og miðsvæða, en á miðsvæðum er alla jafna atvinnu- og þjónustuhúsnæði ríkjandi í bland við íbúðarhúsnæði. Við vinnslu deiliskipulagstillögunnar nýju var ákveðið að minnka miðsvæði á þróunarreit nr. 5 á kostnað íbúðarbyggðar og þar með minnka umfang atvinnuhúsnæðis. Heildar byggingarmagn á svæðinu breytist óverulega.

Í gildandi aðalskipulagi er miðað við 120 m² meðalstærð íbúða og 96.000 m² íbúðarhúsnæðis eða allt að 115 þúsund m², ef 20% vikið væru fullnýtt. Í breytingartillögu er miðað við 90 m² meðalstærð íbúða og miðað við 1300 íbúðir á fullbyggðu svæði, yrði heildar byggingarmagn íbúðarhúsnæðis um 117.000 m². Auk þess má reikna með að byggingarmagn atvinnuhúsnæðis minnki allnokkuð frá gildandi skipulagi en á skilgreindum miðsvæðum (M29) meðfram umferðarleiðum er miðað við að íbúðir verði að jafnaði á efri hæðum.

Miðsvæði í Skerjafirði sem skilgreind eru í gildandi aðalskipulagi eru ekki tilgreind í töflu 3 yfir helstu miðsvæði (bls. 52 í kaflanum Skapandi borg, sjá aðalskipulag.is), en í B-hluta aðalskipulagsins er getið um 20 þúsund fermetra atvinnuhúsnæðis á svæðinu næst strandlengjunni (bls. 249, B-hluti, aðalskipulag.is)

f.h. skipulagsfulltrúa
Ingvar Jón Bates Gíslason